

Alþingi
Erindi nr. P 135/2514
komudagur 5.5.2008

Aðalfundur Búnaðarfélags Vopnfirðinga haldinn í Staðarholti miðvikudaginn 16. apríl 2008 mótmælir því harðlega að frumvarp Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á matvælalöggjöf Evrópusambandssins, verði samþykkt frá Alþingi óbreytt.

Fundurinn telur að í frumvarpinu felist mörg ákvæði sem muni stórlega draga úr innlendri landbúnaðarframleiðsu og verða íslenskum landbúnaði og matvælaeignum þungur í skauti.

Jafnframt vill fundurinn benda á þær hættur sem að íslenskum neytendum getur stöðjað með því að flytja til landsins hrátt kjöt frá löndum sem hafa vægari heilbrigðiskröfur en hér gilda. Vakin er athygli á skrifum sóttvarnalæknis þar um.

Það er og skoðun fundarins að það samrýmist tæplega nútíma hugsunarhætti um meðferð dýra og dýravernd að gera þær breytingar á dýralæknis- þjónustu sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Greinargerð með ályktun Búnaðarfélags Vopnafjarðar til landbúnaðarnefndar Alþingis.

Til viðbótar ályktun fundarins vill fundurinn benda á eftirfarandi:

1. Með þeirri breytingu á lögum, að heimilt verður að flytja til landsins hrátt kjöt er að okkar dómi ljóst að innflutningur á kjöti stóreykst. Fyrst og fremst á kjúklinga og svínakjöti en einnig nautakjöti. Þetta mun hafa mikil áhrif á kjötframleiðslu íslenskra bænda, einnig sauðfjárbænda.

Afleiðingin hlýtur að verða verulegur samdráttur í íslenskri framleiðslu og kannski enn frekar, íslenskri kjötvinnslu. Á svæðinu frá Fljótsdalshéraði til Hrítafjarðar starfa nú um 20% mannaflans við landbúnað og úrvinnslu hans samkvæmt nýrri athugun. Þetta landssvæði þarf sist á því aða halda nú að atvinna þessa fólks verði stefnt í fullkomma óvissu.

2. Það er ljóst að engin trygging verður fyrir því að kamflóbakter berist ekki með kjúklingakjöti til landsins en kjúklingabændur hér hafa með harðfylgi kveðið hann niður hér og vitnum við þar í grein sóttvarnarleknis.

3. Við vekjum einnig athygli á því að breyting á lögum um dýralæknahjónustu hlýtur að leiða til lakari og dýrari þjónustu, sérstaklega í mesta strjálbýlinu eins og dýralæknar hafa sjálfir bent á.

4. Í frumvarpinu virðast einnig allt of opnar heimildir til gjaldtöku við eftirlit, og ekki skilgreint hvernig skilgreina á eftirlitskostnað. Það getur því aukið verulega kostnað við slátrum sem þýðir lægra verð til framleiðenda.